

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Arnberg, deiliskipulag.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 2. október 2024 deiliskipulag fyrir lóðina Arnberg, L162959, á Selfossi. Deiliskipulagið tekur til bygginga/viðbyggingar og starfsemi innan lóðar og er m.a. áformað að byggja bílaþvottastöð sem staðsett verður í sama grunnplani og núverandi þvottaplan austast á lóðinni.

Árbakki, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 2. október 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi Árbakka í landi Laugardæla á Selfossi. Breytingin felur í sér tilfærslu á íbúðarheimildum fyrir lóðirnar Þórisvað 10 og Ásavað 20-30. Íbúðum við Þórisvað 10 fjölga úr 50 í 60 og íbúðum við Ásavað 20-30 fækka úr 125 í 115. Aðrir skilmálar gildandi deiliskipulags halda sér og breytast ekki.

Ástjörn 13, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 2. október 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Ástjörn 13 á Selfossi. Breytingin felur í sér færslu og snúning á byggingarreit. Bílaplan og aðkoma breytist lítillega. Að öðru leyti gilda skilmálar gildandi deiliskipulags.

Norðurhólar 3 og 5, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 2. október 2024, breytingu á gildandi deiliskipulagi Suðurbyggðar við Nauthaga á Selfossi fyrir lóðirnar Norðurhóla 3 og 5. Deiliskipulagið felur í sér að deiliskipulagssvæðið stækkar til vesturs, þannig að lóð Norðurhóla 5 verði að öllu leyti innan marka deiliskipulagssvæðisins. Samhliða deiliskipulagsbreytingunni er deiliskipulag fyrir Norðurhóla 3 – leikskólalóð felld úr gildi. Lóðamörk Norðurhóla 3 og 5 breytast.

Bætt er við skilmálum fyrir verslun og þjónustu og leikskóla í greinargerð:

Norðurhólar 3: Hámarksbyggingarmagn 2.300 m². Heimilt er að byggja einnar hæðar hús. Hámarkshæð 5 m.

Norðurhólar 5: Hámarksbyggingarmagn 5.156 m². Heimilt er að byggja 1-2 hæðir, auk kjallara. Hámarkshæð 9 m frá aðkomuhæð með lágreistu þakformi en 8 m frá aðkomuhæð sé þak flatt.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 11. október 2024.

F.h. bæjarstjórnar,

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.